



Minnsta fækkun ferðamanna eftir brotthvarf WOW air

Brottfarir erlendra ferðamanna frá Leifsstöð námu tæplega 133 þúsund í nóvember og drógust saman um 11,6% frá sama tímabili í fyrra. Þetta er minnsta fækkun erlendra ferðamanna eftir að WOW air lagði upp laupana í lok mars. Til samanburðar nam fækkun ferðamanna 18,4% í október og 20,7% í september.



Fækkun ferðamanna frá Norður-Ameríku skýrir langmest af heildarfækkun ferðamanna

Eins og verið hefur síðustu mánuði hefur mesta fækkunin verið hjá íbúum Norður-Ameríku, þ.e. Bandaríkjamönnum og Kanadabúum. Fækkunin hefur þannig reynst mun meiri meðal þeirra en Evrópubúa.

Ástæðan liggur fyrst og fremst því í því að framboð flugsæta dróst mun meira saman frá Norður-Ameríku til Íslands en frá Evrópu. Það má rekja til þess að hlutdeild WOW air í flugi til og frá Norður-Ameríku var mun meiri en hlutdeild félagsins í flugi til og frá Evrópu. Bandaríkjamönnum fækkaði um 40% í nóvember miðað við sama tímabil í fyrra og var það svipuð fækkun og verið hefur eftir að WOW air fór í þrot. Kanadabúum fækkaði um rúmlega 50% og hefur fækkunin aukist ef eitthvað er. Þrír af hverjum 10 ferðamönnum sem sóttu landið heim í fyrra voru Bandaríkjamenn og skýrir mikil fækkun þeirra á þessu ári því megnið af heildarfækkun erlendra ferðamanna á þessu ári.

Evrópubúum án Norðurlanda fjölga í fyrsta sinn eftir brotthvarf WOW air

Fjölgun varð á ferðamönnum frá Evrópu án Norðurlanda í nóvember. Fjölgunin nam 2,5% og er þetta í fyrsta sinn sem fjölgun mælist meðal þessa hóps eftir brotthvarf WOW air. Mesta fækkunin mældist í fyrstu tveimur mánuðunum eftir brotthvarfið, apríl og maí, en þá nam fækkunin á bilinu 17-17,6%. Síðan hefur fækkunin verið nokkuð minni. Það sem helst skýrir fjölgun Evrópubúa nú í nóvember var fjölgun Frakka, Ítala og Pólverja en fjölgunin hjá þessum þjóðum nam á bilinu 20,1-47,6%.






Asíubúum fjölgaðir verulega en meiri fækkun hjá Norðurlandabúum

Asíubúum fjölgaði um 53% nú í nóvember borið saman við sama tímabil í fyrra og kemur þessi fjölgun í kjölfar 15% fjölgunar í október. Það hefur verið fremur regla en undantekning að Asíubúum hafi farið fjölgandi á þessu ári en einungis eru tveir mánuðir þar sem þeim fækkaði milli ára en þetta var í september og apríl. Fjölgunin nú í nóvember skýrist af bæði fjölgun Kínverja og Japana. Kínverjum fjölgaði um 47,5% en Japönnum um 63,6%.

Norðurlandabúum fækkaði um 22% í nóvember og er það mesta fækkunin það sem af er ári en fækkunin var 13% í október. Mest af fækkuninni í nóvember skýrist af fækkun Svía en Dönnum og Norðmönnum fækkaði einnig.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.